

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

4. fundur stjórnar L.H. 14.03.89.

kl. 9.00 í Bændahöllinni.

Mættir: Kári Arnórsson, Skúli Kristjónsson, Ingimar Ingimarsson, Guðmundur Jónsson, Kristbjörg Eyvindsd. Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Jóhann Þorsteinsson og Hjalti Pálsson.

1. Kynbótadómar. Lagt hefur verið fram vinnuplaðg af hálfu Búnaðarfélagsins og var markmið fundarins að fjalla um þessar nýju reglur og hafði formaður rætt við Porkel Bjarnason um málíð. Plaggið hefur verið unnið af ráðunautum B.Í. og mun verða lagt fyrir sýningarnefnd, þegar umfjöllun telst vera orðin nægjanleg.

Skúli Kristjónsson taldi umfjöllun sem þessa nauðsynlega og styrkur væri fyrir sýningarnefndarmenn að hafa umfjöllun stjórnar í veganesti.

Jóhann benti á breytingar á vægi einkunna í dómskala og fjölluðu menn um það. Ljóst er að vægi breytist nokkuð og fannst fundarmönnum vanta rökstuðning við þetta. Haldið var áfram umfjöllun um plaggið. Jón Bergsson vildi leggja áherslu á þá skoðun sína að dómarar störfuðu sjálfstætt. Um þetta voru fundarmenn ekki á eitt sáttir. Það var mat fundarmanna, að hafa yfirlitssýningar þar sem dómar eru opnir til síðasta dags.

Skúli kom með þá tillögu að væntanlegir kynbótadómarar gengjust undir gæðingadómaranámskeið. Fundarmenn voru sammála þessu.

Byggingadómar fengu ekki sérstaka umfjöllun að öðru leiti en því að fram kom ábending um heilsufar ýmiss konar og atgerfi sem gæti verið arfbundið. Farið var yfir hæfileika. Sigfús lagði til að gerður yrði samræmdur texti um hæfileikadóma fyrir kynbóta- og gæðingadóma. Fundarmenn töldu þetta æskilegt.

Fundarmenn ræddu um uppbót f. ung hross, stöldruðu menn einkum við hryssur. Kristbjörg bar fram þá hugmynd, að dæma hæfileika fyrst og byggingu á eftir. Menn ræddu um forskoðun og aðstæður sem mönnum er boðið upp á.

Ákveðið var að senda B.Í. ábendingar um þetta mál, og benda á úrbætur á þessu sviði. Þetta var rætt mikið og voru menn sammála um að virkja þyrfti heimamenn á þessu sviði.

Kristbjörg kom með ábendingu um að dómar væru til hjá B.Í. á hverjum tíma.

Kristbjörg fór af fundi kl. 12.00 og Jóhann einnig.

2. Kári greindi frá málefnum Reiðhallarinnar. Voru það helst fjármál og vantanleg starfsemi.
Sigfús gerði fyrirspurn um skólanefnd Reiðskólans, bæði fyrrverandi og núverandi og skipun nýrrar skólanefndar. Sigfús taldi að menn hefðu átt að kynna sér allar hliðar málsins.
3. Beitarmálefni: Kári kynnti fundargerð fundar um hrossabeit. Kári og Hjalti sóttu þennan fund. Las Kári fundargerðina og var framkvæmdastjóra falið að ljósrita hana og senda síðan fundarmönnum.
Þetta var rætt allmikið og einnig ýmis sjónarmið, sem komu fram á þessum fundi. Ákveðið er að sá hópur sem á þessum fundi var hittist aftur.

Gunnar B. Gunnarsson kom kl. 13.00 til fundar.

4. Afmæli L.H. Skógreiðardagur kom til umræðu. Haft hefur verið samband við formann Skógræktarfélags Íslands og framkvæmdastjóra Skógræktarinnar, og hafa þeir tekið vel í þetta. Kári ræddi um að þessu þyrfti að koma á framfæri í fjöldum, en kostnaður við slíkt er verulegur, eða getur orðið það.
Ritnefnd H.O. mun fjalla um hvernig skil blaðið mun gera því. Það verður í haust.

Barnadagur gæti orðið í vor, þar sem hestamannafélög gefa börnum kost á að fara á bak.

Hjalti greindi frá því, að hann hefði rætt bæði við Sýn og Guðm. Ólafsson. Sýn hefur gert tilboð sem er ca. 300.000.- krónur, en Guðmundur telur sig geta gert stutta kynningarmynd fyrir minna. Þá nefndi Hjalti sjónvarpið þ.e. báðar stöðvarnar, en hann hefur ekki rætt við forráðamenn þeirra. Þá kom Hjalti með þá ábendingu, að landbúnaðarráðherra gefi L.H. gjöf í tilefni afmælisins.

Gunnar spurði um það, hvort hugmyndin væri að heiðra einhverja í tilefni afmælisins. Kári svaraði því til að þetta hefði ekki verið rætt, en í framhaldi af því nefndi hann, að Sigurður Haraldsson verður 70 ára í næsta mánuði og Þorkell Bjarnason 60 ára í maí.

Mæltist hann til þess, að stjórnarmenn heimsæktu þá.
Rætt var um hvaða gjafir væru hentugar í þessu skini.
Var því beint til skrifstofu að ganga í þetta mál.

Tillaga kom fram um að Gunnar B. Gunnarsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og Sigurður Hallmarsson skipi nefnd til að annast samskipti við fjöldmiðla vegna afmælisins.
Rætt var um að hafa samráð við Ólaf Torfason.
Að stjónvarpsstöðvum frágengnum verður reynt að fara t.d. þá leið að semja við Guðmund Ólafsson.

5. Lagt fram bréf frá "Hring" á Dalvík varðandi málæfni hestamannafélaga í Eyjafirði. Bréfinu fylgdi ítarleg greinargerð um umræðugrundvöll við þá.
Kynnti Kári efni bréfsins og var þetta rætt. Í bréfinu bjóða þeir stjórn til fundar 22. apríl eða annan dag ef það hentar betur.

Kristbjörg kom aftur til fundar kl. 14.45.

Fundarmenn ræddu ýmis atriði í greinargerð, sem fylgdi bréfinu og sögðu álit sitt á þeim. Tóku allir fundarmenn til máls.

Samþykkt að stjórnin fari til fundar og stefnt að 15. apríl í stað 22. apríl. Verður Hringsmönnum gert aðvart um þetta.

Fundi slitið kl. 15.45.

Kári Arnórsson
Skúli Ö. Kristjónsson
Ingimar Ingimarsson
Sigfús Guðmundsson

Guðmundur Jónsson
Kristbjörg Eyvindsdóttir
Jón Bergsson
Gunnar B. Gunnarsson.